

Tillaga til þingsályktunar

um nýtingu innlends trjáviðar

Flm.: Ísólfur Gylfi Pálmason, Jónas Hallgrímsson, Magnús Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á landbúnaðarráðherra að kanna möguleika á að nýta innlendan trjávið, sem fellur til við grisjun, til framleiðslu listmuna, byggingarefnis, límtrés eða til eldiviðarframleiðslu. Jafnframt verði gerð fagleg úttekt á því hvernig fullnýta megi þau verðmæti er til falla í skógum landsins.

Greinargerð.

Með aukinni skógrækt víða um land fellur mikið til af trjáviði við grisjun skóga. Miklu máli skiptir að nýta þann trjávið sem best. Eðlilegt er talið að 30–50 ár líði frá gróðursetningu skógarplantna þar til grisjunarviðurinn verður nýtanlegur. Á næstu árum mun magn hans aukast mikið víða um land. Benda má á eftirtaldar leiðir til að hámarka verðmætusköpun úr grisjunarviði:

- a. Á vegum Skógræktar ríkisins hefur verið komið upp sérstökum viðarlagar (viðarmiðlun). Þar geta handverks- og listamenn orðið sér úti um íslenskan við til handverks- og listmunagerðar eða sem byggingarefni. Einnig má nýta viðinn sem efni til handmenntakennslu í skólum landsins. Notkun íslensks viðar hefur uppeldislegt gildi fyrir nemendur og í henni er fólgin kynning á því hvernig nýta má afurðir skógarins.
- b. Límré er víða talið mjög heppilegt byggingarefni mannvirkja. Benda má á að ending timburs er í mörgum tilfellum margfalt betri en ending steinsteypu. Fram til þessa hefur mestallt hráefni til vinnslunnar verið innflutt.
Fyrir nokkrum árum gekkst Límrésverksmiðjan á Flúðum fyrir tilraunaverkefni þar sem 36 ára íslensk lerkitré af síberískum uppruna voru notuð til framleiðslu límrésbrúar. Sú tilraun þótti takast mjög vel. Eðlilegt er að allar göngubrýr í íslenskum skógum og þjóðgörðum verði gerðar úr slíku efni. Þetta er í raun táknrænt dæmi um hvað hægt er að gera úr íslenskum við.
- c. Lerki er ákjósanlegt efni til framleiðslu gluggaviðar, skjólgirðinga, sólpalla o.fl. Afgangsvið og úrgangsvið má einnig nota til framleiðslu á eldiviði til upphitunar heimila og stofnana, svo og sem eldivið í ál- eða járnblendiframleiðslu. Kurl hentar og vel í göngustíga.

Alþekkt er að skógur sem ekki er grisjaður liggur undir skemmdum. Víða á landinu má finna þéttan skóg sem brýn þörf er á að grisja. Einnig fellur mikið til af trjáviði í þéttbýli þegar verið er að grisja tré á húsalóðum.

Flutningsmenn leggja til að Alþingi beini þeirri áskorun til landbúnaðarráðherra að hann kanni möguleika á að allur viður sem fellur til við grisjun í skógum landsins og skrúðgörðum verði nýttur þannig að sem mest verðmæti skapist.

Nefna má nokkur dæmi um fyrirtæki á Íslandi sem vinna að tilraunum með vinnslu á íslenskum trjáviði: Límtré hf. á Flúðum hefur kannað notkunarmöguleika lerkis og Byko hf. hefur í hyggju að reyna lerki í gólfefni, sólbekki o.fl. Trésmiðja Fljótsdalshéraðs mun gera tilraunir með smíði glugga úr lerki og hjá nokkrum aðilum er hafin önnur vinnsla, svo sem smíði húsgagna og ýmissa handverksmuna.

Landshlutabundin skógræktarverkefni hafa nú verið sett á laggirnar í öllum landshlutum. Löng hefð er fyrir skógrækt á Héraði, sem og á Suðurlandi, í Borgarfirði og víðar um land. Þessi verkefni leiða til þess að mjög brýnt er og nauðsynlegt að skoða nýtingu innlends trjáviðar til hlítar og nýta sem best öll þau verðmæti sem skógurinn gefur.